

1. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [1. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 124. löggjafarþingi 1999.)

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 65/1984, orðast svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.

Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.

Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórn málasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórn málasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyriræli um þetta í lög.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi.

2. gr.

Við stjórnarskrána bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi.

3. gr.

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða stjórnarskipunarlagafrumvarpi því, er samþykkt var á 123. löggjafarþingi. Að afstöðnum almennum alþingiskosningum er það í samræmi við 79. gr. stjórnarskrárinnar lagt óbreytt fyrir Alþingi á ný.

2. Tillaga til þingsályktunar [2. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

(Lögð fyrir Alþingi á 124. löggjafarþingi 1999.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta samning milli ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Noregs og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt bókunum ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Noregs annars vegar og ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins hins vegar samkvæmt samningnum sem undirrituð voru í St. Pétursborg 15. maí 1999.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Noregs og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Noregs annars vegar og ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins hins vegar sem gerðar eru samkvæmt samningnum. Samningurinn og bókanirnar voru undirrituð í St. Pétursborg 15. maí 1999. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari, bókun Íslands og Noregs sem fylgiskjal II og bókun Íslands og Rússlands sem fylgiskjal III.

Samningurinn og bókanirnar fela í sér samkomulag um þorskveiðar Íslendinga í Barentshafi og lausn á Smugudeilunni svonefndu. Samningurinn og bókanirnar gilda út árið 2002 og framlengjast um fjögur ár í senn sé samningnum ekki sagt upp af hálfu einhvers aðila.

Íslensk skip veiddu þorsk í Barentshafi fyrr á öldinni, einkum á árunum 1949–52, samtals milli 11 og 12 þúsund lestir. Íslendingar hófu þorskveiðar þar að nýju í ágúst árið 1993. Það ár veiddust tæplega 9.400 lestir, árið 1994 um 34.200 lestir, árið 1995 um 32.200 lestir, árið 1996 rúmlega 21.500 lestir, árið 1997 um 5.900 lestir og árið 1998 rúmlega 1.400 lestir. Á árunum 1993–98 veiddu íslensk skip því samtals rúmlega 104.600 lestir af þorski í Barentshafi.

Allt frá því að íslensk skip hófu veiðar utan lögsögu Noregs og Rússlands í Barentshafi árið 1993 hafa veiðarnar verið stundaðar í mikilli andstöðu við vilja ríkisstjórna landanna tveggja. Þegar á árinu 1994 komust á formlegar viðræður fulltrúa landanna þriggja um lausn Smugudeilunnar og lýstu íslensk stjórnvöld sig frá upphafi reiðubúin til að semja um takmörkun veiða íslenskra skipa. Lítt gekk þó að leysa málið og síðla vetrar árið 1996 hófst lota viðræðna sem ekki leiddi til samkomulags þrátt fyrir að viðræðumemböttismanna hefði verið fylgt eftir með beinni þátttöku utanríkis- og sjávarútvegsráðherra landanna. Þau samningsdrög sem þá voru til umræðu gerðu ráð fyrir veiðiheimildum til handa Íslendingum bæði utan lögsögu strandríkjanna tveggja og innan lögsögu þeirra, en samningur var miðaður við eitt ár í senn. Gert var ráð fyrir nokkru gagngjaldi af hálfu Íslands, en segja má að ágreiningur um þann þátt hafi orðið til þess að upp úr viðræðum landanna slitnaði um mitt ár 1996.

Þótt óformlegt samráð hafi stöðugt átt sér stað um lausn deilunnar varð veruleg bið á að aðilar hæfu á ný formlegar viðræður. Þær hófust með fundi í Moskvu í desember 1997. Þar var ákveðið að reyna nýja leið til lausnar deilunni sem gerði ráð fyrir kvótaskiptum á grundvelli sanngjarns jafnvægis í tvíhliða samskiptum landanna á sviði fiskveiða og því að þorsk-

veiðiheimildir Íslendinga yrðu að öllu leyti innan lögsögu Noregs og Rússlands. Haustið 1998 komst verulegur skriður á málið og voru þá haldnir þrír samráðsfundir aðila. Í kjölfarið fylgdu samningafundir og náðist samkomulag um almenn atriði rammassamnings 5. mars 1999 er utanríkisráðherrar Íslands og Noregs og varautanríkisráðherra Rússlands undirrituðu í Bodø yfirlýsingu þess efnis að þeir væru samþykkir drögum að rammassamningi og vildu á grundvelli þeirra ganga til formlegra samninga um tvíhliða bókanir er kvæðu á um kvótaskiptin og, eftir atvikum, gagngjald. Á tveimur formlegum samningafundum, sem haldnir voru í Moskvu dagana 22.–26. mars og 12. og 13. apríl 1999, tókst samninganefndum landanna að ljúka gerð bókananna og þar með samningsgerðinni sem hér um ræðir.

Embættismenn frá utanríkisráðuneytinu, sjávarútvegsráðuneytinu og forsætisráðuneytinu tóku þátt í samningaferlinu og var Jóhann Sigurjónsson, sendiherra og aðalsamningamaður í fiskveiðimálum, síðar forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, formaður íslensku samninganefndarinnar. Utanríkismálanefnd Alþingis var reglulega gerð grein fyrir gangi samningaviðræðna. Jafnframt var haft samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi meðan á viðræðum stóð.

Hinn 15. maí 1999 undirrituðu Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Knut Vollebæk, utanríkisráðherra Noregs, og Nikolai A. Érmakov, formaður sjávarútvegsráðs Rússlands, þríhliða samninginn og tvíhliða bókanirnar í tengslum við fund utanríkisráðherra Norðurlandanna, Eystrasaltsríkjanna og Rússlands í St. Pétursborg.

Þríhliða samningur Íslands, Noregs og Rússlands er rammassamningur um samstarf aðila í sjávarútvegsmálum. Í 1. gr. hans lýsa aðilar því yfir að þeir séu sammála um að efla samstarf á sviði fiskveiða til gagnkvæmra hagsbóta. Í 2. gr. samningsins segir að aðilum sé heimilt að gera gagnkvæmt samkomulag um árleg kvótaskipti í efnahagslögsögu sinni og að veita fiskiskipum hinna aðilanna aðgang til að veiða kvóta í lögsögu sinni. Í 8. gr. er kveðið á um samstarf fyrirtækja í löndunum einkum hvað varðar sameiginleg verkefni á sviði fiskveiða, eflingar fiskstofna, vinnslu fiskafurða, markaðsmála og löndunar.

Í 3. gr. samningsins segir að kveðið skuli á um kvótaskipti og aðgang aðila að fiskimiðum, sbr. 2. gr., auk annarra málefna er um getur í 8. gr. og aðilar kunna að koma sér saman um, í bókunum samkvæmt samningnum milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar til að skapa sanngjarnt jafnvægi í tvíhliða samskiptum á sviði fiskveiða. Í 4. gr. er kveðið á um að heildarafla fiskiskipa, sem sigla undir fána hvers aðila, úr stofni sem veiddur er samkvæmt bókununum sem um getur í 3. gr., án tillits til þess hvar aflinn er veiddur, skuli ekki vera umfram heildarkvóta þess stofns sem kveðið er á um í bókununum. Tekið er þó fram að þetta ákvæði hafi ekki áhrif á samninga milli einkaaðila sem kunna að fela í sér viðbótarveiðiheimildir. Enn fremur er kveðið á um að kvóta sem um getur í 2. gr. beri að veiða í efnahagslögsögu aðila og að aðilar skuli engar kröfur gera um frekari heimildir til að veiða úr viðkomandi stofni.

Í tvíhliða bókunum Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar felst að Íslendingar fá árið 1999 8.900 lesta þorskvóta sem skiptist til helminga milli lögsögu Noregs og Rússlands. Kvótinn samsvarar 1,86% af leyfilegum heildarafla þorsks í Barentshafi og helst það hlutfall út samningstímann. Auk þess er gert ráð fyrir 30% aukaafli íslenskra skipa.

Í bókun Íslands og Noregs er gert ráð fyrir að íslensk skip veiði 4.450 lestir af þorski á árinu 1999 í norski lögsögu norðan 62°N. Norsk skip fá á árinu 1999 að veiða 500 lestir af löngu, keilu og blálöngu á línu í íslenskri lögsögu utan 12 sjómílna frá grunnlínum og sunnan 64°N og 17 þúsund lestir af loðnu í íslenskri lögsögu norðan 64°30'N á tímabilinu frá 20. júní til 15. febrúar. Kvótinn í löngu, keilu og blálöngu helst óbreyttur út samningstímann, en loðnukvótann ber að laga hlutfallslega að árlegum þorskvóta Íslendinga. Fari viðkom-

andi stofn hins vegar niður fyrir líffræðileg hættumörk fellur kvóti Norðmanna úr þeim stofni niður og skulu aðilar þá taka upp viðræður um annað endurgjald. Gert er ráð fyrir 25% aukaafli norskra línuveiðiskipa með ákveðnum takmörkunum. Kveðið er á um hámarksfjölda íslenskra og norskra skipa sem heimilað er að stunda veiðar samkvæmt bókuninni á hverjum tíma.

Í bókun Íslands og Rússlands felst að íslensk skip geti veitt 4.450 lestir af þorski í rússenskri lögsögu á árinu 1999. Þar af munu Rússar bjóða íslenskum útgerðum 37,5% eða 1.669 lestir til kaups á markaðsverði. Í 4. gr. bókunarinnar er kveðið á um að auk áður nefndra veiðiréttinda sé með sérstöku samkomulagi milli einkaaðila í löndunum tveimur unnt að kveða á um viðbótarveiðiheimildir.

Í báðum bókununum er miðað við að fari leyfilegur heildarafli þorsks í Barentshafi niður fyrir 350.000 lestir falli kvóti Íslendinga niður. Í því tilviki fellur kvóti Norðmanna í íslenskri lögsögu einnig niður. Hins vegar er kveðið á um að falli kvóti Íslendinga niður tvö ár samfellt sé íslenskum stjórnvöldum heimilt að fara fram á endurskoðun bókananna nema leyfilegur heildarafli á þriðja samfellda árinu fari fram úr 350.000 lestum.

Samkvæmt bókununum skulu Íslendingar ekki stunda loðnuveiðar í Barentshafi á þeim tíma sem samningurinn er í gildi. Ákvæði þetta er bundið við loðnuveiðar og nær því ekki til veiða úr öðrum stofnum í Smugunni.

Samningurinn öðlast gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð vegna gildistöku samningsins sé lokið. Bókanirnar eru ekki formlegur hluti samningsins en eru spyrtar saman við hann að því er gildistöku og gildistíma varðar.

Fylgiskjal I.**SAMNINGUR MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS, RÍKISSTJÓRNAR NOREGS OG RÍKISSTJÓRNAR RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKISINS UM TILTEKNA ÞÆTTI Í SAMSTARFI Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS**

Ríkisstjórn Íslands, ríkisstjórn Noregs og ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins, hér á eftir nefndar aðilar,

einsetja sér að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu viðkomandi fiskstofna á öllu því svæði þar sem þeir halda sig, og skuldbinda sig til að hlíta meginreglunni um ábyrgar fiskveiðar,

hafa hliðsjón af nauðsyn þess að aðilar starfi náið saman,

hafa hliðsjón af viðeigandi ákvæðum hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982 og samningsins frá 1995 um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförrulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim,

skuldbinda sig til að efla og stunda hafrannsóknir og grundvalla stjórnun sína á veiðum úr viðkomandi stofnum á bestu vísindaráðgjöf,

viðurkenna að umtalsverður hluti lifandi auðlinda í norðanverðu Noregshafi og í Barentshafi myndar eitt kerfi líffræðilegra stofna sem lýtur stjórn,

og hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar eru sammála um að efla samstarf á sviði fiskveiða til gagnkvæmra hagsbóta og í því skyni að innleiða með samningi þessum meginreglur og starfshætti fyrir slíkt samstarf sem byggjast á því að varúðarleið sé farin og eru í samræmi við þjóðarétt.

AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND, THE GOVERNMENT OF NORWAY AND THE GOVERNMENT OF THE RUSSIAN FEDERATION CONCERNING CERTAIN ASPECTS OF CO-OPERATION IN THE AREA OF FISHERIES

The Government of Iceland, Government of Norway and the Government of the Russian Federation, hereinafter referred to as the Parties;

Determined to ensure the long-term conservation and sustainable utilisation of the fish stocks concerned in their entire area of distribution, and committed to the principle of responsible fishing;

Having regard to the importance of close co-operation between the Parties;

Having regard to the relevant provisions of the 1982 United Nations Convention on the Law of the Sea and the 1995 Agreement for the Implementation of the Provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 relating to the Conservation and Management of Straddling Fish Stocks and Highly Migratory Fish Stocks;

Committed to promoting and conducting marine scientific research and to basing their respective management measures for the relevant stocks on the best scientific advice;

Recognising that a considerable part of the living marine resources of the northern Norwegian and Barents Seas represents a single regulated biological stock system;

Have agreed as follows:

ARTICLE 1

The Parties agree to enhance co-operation of mutual benefit in the field of fisheries and for this purpose to establish by this Agreement principles and procedures for such co-operation based on a precautionary approach and in accordance with international law.

2. gr.

Aðilum er heimilt að gera gagnkvæmt samkomulag um árleg kvótaskipti í sérefnahagslögsögu sinni og að veita fiskiskipum hinna aðilanna aðgang til að veiða kvóta í sérefnahagslögsögu sinni, að teknu fullu tilliti til ástands lífríkisins og vaxtar og viðgangs viðkomandi stofna, auk hagsmuna í innlendum sjávarútvegi.

3. gr.

Nánar skal kveðið á um kvótaskipti, byggð á ákvörðunum strandríkjanna um stjórnun fiskveiða, aðgang aðila að fiskimiðum, sbr. 2. gr., og önnur málefni er um getur í 8. gr. og aðilar kunna að koma sér saman um, í bókunum samkvæmt þessum samningi milli ríkisstjórna Íslands og Noregs og ríkisstjórna Rússneska sambandsríkisins og Íslands til að skapa sanngjarnt jafnvægi í tvíhliða samskiptum á sviði fiskveiða.

Aðilar skulu kappkosta að ná samkomulagi um feni bókananna.

4. gr.

Aðilar eru ásáttir um að heildarafli fiskiskipa, sem sigla undir fánum þeirra, úr stofni sem veiddur er samkvæmt bókunum sem um getur í 3. gr., án tillits til þess hvar aflinn er veiddur, skuli ekki vera umfram heildarkvóta þess stofns sem kveðið er á um í bókunum er um getur í 3. gr. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á samninga milli einkaaðila sem eru gerðir í samræmi við innlendar reglur og reglugerðir aðila og kunna að fela í sér viðbótarveiðiheimildir. Kvóta sem um getur í 2. gr. ber að veiða í sérefnahagslögsögu aðila og skulu aðilar engar kröfur gera um frekari heimildir til að veiða úr viðkomandi stofni.

5. gr.

Aðilar tryggja að fiskiskip, sem sigla undir fánum þeirra, hlíti ráðstöfunum um verndun og stjórnun og þeim innlendu reglum og reglugerðum sem settar eru um tilhögun fiskveiða og um getur í 2. gr. Tilkynna skal með nægum fyrirvara um slíkar ráðstafanir, reglur og reglugerðir.

6. gr.

Aðilar skulu í sameiningu kanna möguleika og gera ráðstafanir, þegar við á, til að letja þegna sína þess að taka þátt í fyrirkomulagi sem felur í sér að þeir skrái fiskiskip sín undir fána annars ríkis í því

ARTICLE 2

The Parties may agree on a reciprocal basis to exchange annual quotas in their respective exclusive economic zones, and to grant vessels of the other Parties access to fish quotas in their respective exclusive economic zones, taking fully into account the biological situation and the development of the stocks concerned, as well as the interests of the national fisheries.

ARTICLE 3

Details of the quota exchanges, based on management decisions taken by the coastal states, provisions for access to fishing by the Parties referred to in Article 2, as well as provisions on other matters referred to in Article 8, which the Parties may agree on, shall be regulated in protocols under this Agreement between the Governments of Iceland and Norway, and the Governments of the Russian Federation and Iceland, providing a reasonable balance in their bilateral fisheries relations.

The Parties shall make every effort to agree on the protocols.

ARTICLE 4

The Parties agree that total catches from a stock taken under the protocols referred to in Article 3 by vessels flying their flags, wherever they are taken, shall not exceed the total quotas for that stock as set out in the protocols referred to in Article 3. This provision is without prejudice to any agreement between private entities, concluded in accordance with national rules and regulations of the Parties, that may include additional fishing possibilities. The quotas referred to in Article 2 shall be taken in the exclusive economic zones and the Parties will refrain from any claims for additional fishing possibilities on that stock.

ARTICLE 5

The Parties will ensure that fishing vessels flying their flag comply with the conservation and management measures as well as national rules and regulations established for the operation of fishing activities referred to in Article 2. Adequate advance notice shall be provided of such measures, rules and regulations.

ARTICLE 6

The Parties shall work together to investigate possibilities and take measures, when relevant, to discourage any of their nationals from being party to arrangements by which they register a fishing vessel

skyni að stunda fiskveiðar sem grafa undan áhrifum þessa samnings og þeirra stjórnunaraðgerða er um getur í 5. gr.

7. gr.

Aðilar eru ásáttir um að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir að afla sé landað í höfnum þeirra, ef staðfest er að aflinn er sóttur með einhverjum þeim hætti sem grefur undan áhrifum þessa samnings og þeirra verndunar- og stjórnunaraðgerða sem um getur í 5. gr. og, með fyrirvara um skuldbindingar samkvæmt gildandi þjóðarétti, að meina fiskiskipum sem taka þátt í slíku athæfi að koma til hafnar nema vegna neyðar eða af óviðráðanlegum ástæðum.

8. gr.

Aðilar skulu, í samræmi við löggjöf sína, hvetja til samskipta fyrirtækja í löndum sínum og auðvelda samstarf þeirra sem byggist á almennri sanngirni og gagnkvæmum hagsmunum, einkum hvað varðar sameiginleg verkefni á sviði fiskveiða, eflingar fiskstofna, vinnslu fiskafurða, markaðsmála og löndunar. Að auki ber aðilum að stuðla að því að vísindalegar nýjungar og ný framleiðslutækni verði tekin upp innan ramma þessa samnings. Aðilum er heimilt að gera með sér samninga til að greiða fyrir þeirri starfsemi sem um getur hér að framan.

9. gr.

Samningur þessi hefur ekki áhrif á gildandi tvíhliða samninga milli aðila eða gildandi marghliða samninga sem einhverjir hinna þriggja aðila eiga aðild að.

10. gr.

Komi upp ágreiningur um túlkun og beitingu þessa samnings skulu aðilar leysa hann með viðræðum.

11. gr.

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili þessa samnings.

12. gr.

Samningur þessi öðlast gildi á þeim degi er síðasta skriflega tilkynningin berst vörsluaðila eftir diplómátskum leiðum, þar sem staðfest er að aðilar hafi lokið nauðsynlegri innlendri málsmeðferð vegna gildistöku samningsins.

Samningur þessi skal í fyrstu gilda frá gildistöku-degi til 31. desember 2002 og skal síðan framlengdur

under the flag of another state for the purpose of engaging in fishing activities that undermine the effectiveness of this Agreement and of the management measures referred to in Article 5.

ARTICLE 7

The Parties agree to take measures to prevent landing in their ports of catches if it has been established that such catches have been taken in a manner which undermines the effectiveness of this Agreement and the conservation and management measures referred to in Article 5, and, subject to obligations according to established international law, to deny access to ports to vessels that engage in such activities, except in cases of distress or force majeure.

ARTICLE 8

The Parties shall, in accordance with their legislation, encourage contacts and facilitate co-operation on the basis of overall equity and mutual benefit between their enterprises, in particular in the establishment of joint ventures in fishing, stock enhancement, processing of fish products, marketing and landing in ports. In addition, the Parties should encourage introduction of new scientific developments and production technologies within the framework of this Agreement. The Parties may enter into agreements that will facilitate the abovementioned activities.

ARTICLE 9

The present Agreement is without prejudice to existing bilateral agreements between any of the Parties or to existing multilateral agreements to which any of the three Parties are parties.

ARTICLE 10

Any disagreement concerning the interpretation and application of the present Agreement will be settled by the Parties through consultations.

ARTICLE 11

The Government of Norway shall act as Depository for this Agreement.

ARTICLE 12

This Agreement shall enter into force on the date of the last written notification to the Depository through diplomatic channels confirming that the Parties have fulfilled their internal procedures necessary for the entry into force of this Agreement.

The Agreement shall be effective for an initial period from the date of entry into force to 31 Decem-

um fjögur ár í senn, nema einhver aðila segi honum upp í samræmi við ákvæði 4. mgr. þessarar greinar.

Aðilum er heimilt að fara fram á endurskoðun samningsins, eða bókunar sem þeir eiga aðild að, með því að senda vörsluaðila formlega tilkynningu eftir diplómátskum leiðum eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok viðkomandi tímabils sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

Aðila, sem farið hefur fram á endurskoðun í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, er heimilt að segja samningnum upp með því að senda vörsluaðila formlega tilkynningu eftir diplómátskum leiðum eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok þess tímabils sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Uppsögn samningsins tekur gildi 1. janúar á næsta ári eftir viðkomandi tímabil sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, nema uppsögnin sé afturkölluð fyrir þann dag.

Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreinar og með fyrirvara um framlengingu samningsins skv. 2. mgr. þessarar greinar geta aðilar komið sér saman um að uppsögn samningsins taki gildi annan dag.

Bókanir sem gerðar eru skv. 3. gr. öðlast gildi þann dag sem samningurinn öðlast gildi. Bókanirnar skulu gilda jafnlengi og samningurinn. Bókanirnar falla úr gildi þann dag sem samningurinn fellur úr gildi.

Gjört í St. Pétursborg hinn 15. maí 1999 í einu frumeintaki á íslensku, norsku, rússnesku og ensku og eru allir textarnir jafngildir. Komi upp ágreiningur um túlkun samningsins skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Halldór Ásgrímsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs
Knut Vollebæk

Fyrir hönd ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
Nikolai A. Érmakov

ber 2002, and shall thereafter be prolonged for consecutive periods of four years, unless denounced by any of the Parties in accordance with the provisions of paragraph 4 of this Article.

Any of the Parties may request review of the Agreement or a protocol to which it is a party, by formal notification to the Depositary through diplomatic channels, no later than six months before the expiration of the respective period referred to in paragraph 2 of this Article.

A Party that has requested review in accordance with paragraph 3 of this Article, may denounce the Agreement by formal notification to the Depositary through diplomatic channels, no later than three months before the expiration of the respective period referred to in paragraph 2 of this Article. The termination of the Agreement shall take effect on 1 January of the year following the respective period referred to in paragraph 2 of this Article, unless the denouncement is withdrawn prior to that date.

Notwithstanding the preceding paragraph and without prejudice to the prolongation of this Agreement under paragraph 2 of this Article, the Parties may agree to another date of termination of the Agreement.

The protocols concluded in accordance with Article 3 shall enter into force on the date of entry into force of the Agreement. The protocols shall remain in force for the same period of time as the Agreement. The protocols shall terminate on the date of the termination of the Agreement.

Done at St. Petersburg this 15th day of May 1999 in one original in the Icelandic, Norwegian, Russian and English language, all texts being equally authentic. In case of any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

For the Government of Iceland
Halldór Ásgrímsson

For the Government of Norway
Knut Vollebæk

For the Government of the Russian Federation
Nikolai A. Érmakov

Fylgiskjal II.**BÓKUN**

ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Noregs samkvæmt samningnum milli ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Noregs og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs.

Með vísan til 3. gr. samningsins milli ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Noregs og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs sem undirritaður var 15. maí 1999 (hér á eftir nefndur samningurinn) hafa ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs ákveðið eftirfarandi tvíhliða fyrirkomulag:

1. gr.

Fyrir liggur viðurkenning af hálfu ríkisstjórnar Noregs og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins á að leyfilegur heildarafli Norðuríshafsporsks á árinu 1999 skuli vera 480.000 lestir. Íslendingum er úthlutað samtals 8.900 lesta þorskvóta árið 1999 og þar af er íslenskum skipum veittur aðgangur til að veiða 4.450 lestir í norskrí sérefnahagslögsögu norðan 62° norðlægrar breiddar.

Á árunum þar á eftir skal kvóti Íslendinga í Norðuríshafsporski reiknast sem fast hlutfall af leyfilegum heildarafli miðað við kvóta ársins 1999.

Fari leyfilegur heildarafli niður fyrir 350.000 lestir fellur kvóti Íslendinga niður. Í því tilviki falla kvótar og veiðiheimildir Norðmanna sem um getur í 3. gr. einnig niður.

Íslendingar skulu ekki stunda loðnuveiðar í Barentshafi á þeim tíma sem samningurinn er í gildi.

2. gr.

Til þess að unnt sé að stunda skynsamlegar fiskveiðar er Íslendingum úthlutað árlegum kvóta í öðrum tegundum vegna aukaafli og nemur hann 30% af árlegum kvóta þeirra í Norðuríshafsporski.

3. gr.

Veiðiheimildir Norðmanna í íslenskrí sérefnahagslögsögu árið 1999 eru sem hér segir:

PROTOCOL

between the Government of Iceland and the Government of Norway under the Agreement between the Government of Iceland, the Government of Norway and the Government of the Russian Federation concerning Certain Aspects of Co-operation in the Area of Fisheries

With reference to Article 3 of the Agreement between the Government of Iceland, the Government of Norway and the Government of the Russian Federation concerning certain aspects of co-operation in the area of fisheries, signed 15th of May, 1999 (hereinafter referred to as the Agreement), a separate bilateral arrangement between the Government of Iceland and the Government of Norway has been concluded as follows:

Article 1

A total allowable catch (TAC) for North East Arctic cod of 480 000 tons for 1999 has been recognized by the Government of Norway and the Government of the Russian Federation. Iceland is allocated a total cod quota of 8 900 tons in 1999 of which Iceland is granted access to fish 4 450 tons in the Norwegian Exclusive Economic Zone north of 62°N.

The Icelandic quota of North East Arctic cod shall for the subsequent years be calculated as a fixed proportion of the TAC based on the quota for 1999.

In the event that the TAC is below 350 000 tons, the Icelandic quota is suspended. In that case, Norwegian quotas and fishing opportunities referred to in Article 3 are also suspended.

Iceland shall not undertake fishing for Barents Sea capelin for the period for which the Agreement is in force.

Article 2

In order to conduct a rational fishery, Iceland is allocated an annual by-catch quota of other species amounting to 30% of the Icelandic annual quota of North East Arctic cod.

Article 3

The Norwegian fishing opportunities in the Icelandic Exclusive Economic Zone shall in 1999 consist of the following:

- a) 500 lestir á línu af keilu, löngu og blálöngu utan 12 sjómílna frá grunnlínum og sunnan 64° norðlægrar breiddar.
- b) 17.000 lestir af loðnu norðan 64°30' norðlægrar breiddar. veiðitímabilið hefst 20. júní, nema um annað verði samið, og stendur til 15. febrúar árið eftir.

Á árunum þar á eftir skal kvótinn sem um getur í a-lið 1. mgr. haldast óbreyttur en loðnukvótann sem um getur í b-lið 1. mgr. ber að laga hlutfallslega að árlegum kvóta Íslendinga sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

Fari viðkomandi stofn hins vegar niður fyrir líf-fræðileg hættumörk fellur kvóti Norðmanna úr þeim stofni niður. Í því tilviki munu aðilar taka upp viðræður um annað endurgjald.

4. gr.

Til þess að unnt sé að stunda skynsamlegar línuveiðar er Norðmönnum úthlutað árlegum kvóta í öðrum tegundum vegna aukaafli og nemur hann 25% af árlegum kvóta þeirra til veiða á keilu, löngu og blálöngu. Aukaafli lúðu skal ekki vera meiri en 5%, aukaafli grálúðu ekki meiri en 10% og aukaafli djúpkarfa ekki meiri en 10%.

5. gr.

Norsk stjórnvöld skulu tilkynna íslenskum stjórnvöldum með tilhlýðilegum hætti um kvóta og veiðheimildir Íslendinga sem reiknast í samræmi við 2. mgr. 1. gr. Þegar íslenskum stjórnvöldum hefur borist slík tilkynning skulu þau tilkynna norskum stjórnvöldum með tilhlýðilegum hætti um kvóta og veiðheimildir Norðmanna sem um getur í 2. mgr. 3. gr.

6. gr.

Fjöldi íslenskra skipa sem heimilað er að stunda fiskveiðar samkvæmt þessari bókun í norskrí sérefnahagslögsögu norðan 62° norðlægrar breiddar á hverjum tíma takmarkast við 15.

Fjöldi norskra skipa sem heimilað er að stunda línuveiðar og loðnuveiðar samkvæmt þessari bókun í íslenskrí sérefnahagslögsögu á hverjum tíma takmarkast við 3 línuveiðiskip og 5 loðnuveiðiskip. Skip sem eru á línuveiðum skulu ekki veiða á alþjóðlegu hafsvæði í sömu veiðiferð.

7. gr.

Umsóknir um veiðileyfi skal senda til Fiskeridirektoratet, Bergen, og til Fiskistofu, Reykjavík, eftir því sem við á.

- a) 500 tons of tusk, ling and blue ling in a longline fishery outside 12 n. m. of the baselines and south of 64°N.

- b) 17 000 tons of capelin to be fished north of 64°30'N. The fishing season starts 20 June, unless otherwise agreed, and lasts until 15 February the following year.

For subsequent years the quota referred to in paragraph 1 a) shall remain constant whereas the capelin quota referred to in paragraph 1 b) shall be adjusted proportionately to the annual Icelandic quota referred to in Article 1, paragraph 2.

However, in the event the stock in question is below critical biological level, the Norwegian quota of that stock will be suspended. In such event, the Parties will enter into negotiations on alternative compensation.

Article 4

In order to conduct a rational longline fishery, Norway is allocated an annual bycatch quota of other species amounting to 25% of the Norwegian annual quota of tusk, ling and blue ling. The bycatch of halibut, Greenland halibut and deep sea redfish shall not exceed 5%, 10% and 10% respectively.

Article 5

Norway shall duly notify Iceland about the Icelandic quotas and fishing opportunities calculated in accordance with Article 1, paragraph 2. Upon receipt of such notifications, Iceland shall duly notify Norway about the Norwegian quotas and fishing opportunities referred to in Article 3, paragraph 2.

Article 6

The number of Icelandic vessels entitled to fish under this Protocol in the Norwegian Exclusive Economic Zone north of 62°N at any given time is restricted to 15 vessels.

The number of Norwegian vessels entitled to fish with long line and for capelin under this Protocol in the Icelandic Exclusive Economic Zone at any given time is restricted to 3 and 5 respectively. The vessels fishing with longline shall not on the same trip conduct fishery in international waters.

Article 7

Applications for licences shall be forwarded to the Directorate of Fisheries, Bergen and the Directorate of Fisheries, Reykjavik, respectively.

8. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna hinum aðilanum fyrir fram um viðeigandi reglur og reglugerðir um fiskveiðar í sérefnahagslögsögu sinni.

9. gr.

Bókun þessi öðlast gildi þann dag sem samningurinn öðlast gildi.

Bókunin skal gilda jafnlengi og samningurinn. Bókunin fellur úr gildi þann dag sem samningurinn fellur úr gildi.

Aðila er heimilt að fara fram á endurskoðun bókuarinnar með því að senda vörsluaðila formlega tilkynningu eftir diplómátskum leiðum eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok viðkomandi tímabils sem um getur í 2. mgr. 12. gr. samningsins.

Falli kvóti Íslendinga niður í tvö ár samfellt í samræmi við 3. mgr. 1. gr. þessarar bókuar er íslenskum stjórnvöldum heimilt að fara fram á endurskoðun bókuarinnar nema leyfilegur heildarafli á þriðja samfellda árinu fari fram úr leyfilega heildaraflanum sem um getur í 3. mgr. 1. gr.

Gjört í St. Pétursborg hinn 15. maí 1999 í tveimur frumeintökum á íslensku, norsku og ensku og eru allir textarnir jafngildir. Komi upp ágreiningur um túlkun bókuarinnar skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Halldór Ásgrímsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs
Knut Vollebæk

Article 8

Each Party shall notify in advance the other Party of relevant rules and regulations governing the fishing within its Exclusive Economic Zone.

Article 9

This Protocol shall enter into force on the date of entry into force of the Agreement.

The Protocol shall remain in force for the same period of time as the Agreement. The Protocol shall terminate on the date of termination of the Agreement.

A Party may request a review of this Protocol by formal notification to the Depositary through diplomatic channels no later than six months before the expiration of the respective period referred to in Article 12, paragraph 2, of the Agreement.

In case the Icelandic quota has been suspended for two successive years in accordance with Article 1, paragraph 3, of this Protocol, Iceland may request a review of this Protocol, unless the TAC for the third successive year exceeds the TAC level referred to in Article 1, paragraph 3.

Done at St. Petersburg this 15th day of May, 1999 in two originals in the Icelandic, Norwegian and English languages, all texts being equally authentic. In case of any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

For the Government of Iceland
Halldór Ásgrímsson

For the Government of Norway
Knut Vollebæk

Fylgiskjal III.**BÓKUN**

ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins samkvæmt samningnum milli ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Noregs og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs.

Með vísan til 3. gr. samningsins milli ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Noregs og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs sem undirritaður var 15. maí 1999 (hér á eftir nefndur samningurinn) hafa ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins ákveðið eftirfarandi tvíhliða fyrirkomulag:

1. gr.

Fyrir liggur viðurkenning af hálfu ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins og ríkisstjórnar Noregs á að leyfilegur heildaraflí Norðurishafsporsks á árinu 1999 skuli vera 480.000 lestir. Íslendingum er úthlutað samtals 8.900 lesta þorskvóta árið 1999 og þar af er íslenskum skipum veittur aðgangur til að veiða 4.450 lestir í sérefnahagslögsögu Rússneska sambandsríkisins.

Á árunum þar á eftir skal kvóti Íslendinga í Norðurishafsporski reiknast sem fast hlutfall af leyfilegum heildarafla miðað við kvóta ársins 1999.

Fari leyfilegur heildaraflí niður fyrir 350.000 lestir fellur kvóti Íslendinga niður.

Úthlutun 1.669 lesta af kvóta Íslendinga í sérefnahagslögsögu Rússneska sambandsríkisins á árinu 1999 og samsvarandi hlutfalls á árunum þar á eftir er háð því að gjald komi fyrir í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar. Fyrir 1. maí 1999 og fyrir 1. febrúar á hverju ári þar á eftir skulu rússnesk yfirvöld bjóða útgerðum íslenskra skipa þennan hluta kvótans gegn gjaldi sem ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins tilkynnir, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Tilboðið skal standa til 1. júlí á viðkomandi ári.

Íslendingar skulu ekki stunda loðnueiðar í Barentshafi á þeim tíma sem samningurinn er í gildi.

PROTOCOL

between the Government of Iceland and the Government of the Russian Federation under the Agreement between the Government of Iceland, the Government of Norway and the Government of the Russian Federation concerning Certain Aspects of Co-operation in the Area of Fisheries

With reference to Article 3 of the Agreement between the Government of Iceland, the Government of Norway and the Government of the Russian Federation concerning certain aspects of co-operation in the area of fisheries, signed 15th of May, 1999 (hereinafter referred to as the Agreement), a separate bilateral arrangement between the Government of Iceland and the Government of the Russian Federation has been concluded as follows:

Article 1

A total allowable catch (TAC) for North East Arctic cod of 480 000 tons for 1999 has been recognized by the Government of the Russian Federation and the Government of Norway. Iceland is allocated a total cod quota of 8 900 tons in 1999 of which Iceland is granted access to fish 4 450 tons in the Exclusive Economic Zone of the Russian Federation.

The Icelandic quota of North East Arctic cod shall for the subsequent years be calculated as a fixed proportion of the TAC based on the quota for 1999.

In the event that the TAC is below 350 000 tons, the Icelandic quota is suspended.

1 669 tons of the Icelandic quota in the Exclusive Economic Zone of the Russian Federation in 1999 and a corresponding proportion in the following years shall be subject to payment in accordance with the provisions of this paragraph. Before 1 May 1999 and before 1 February each year thereafter, Russian authorities shall offer Icelandic vessel owners this part of the quota at a price announced by the Government of the Russian Federation, taking into account the market situation. The offer shall remain open until 1 July in the respective year.

Iceland shall not undertake fishing for Barents Sea capelin for the period for which the Agreement is in force.

2. gr.

Til þess að unnt sé að stunda skynsamlegar fiskveiðar er Íslendingum úthlutað árlegum kvóta í öðrum tegundum vegna aukaaflla sem nemur 30% af árlegum kvóta þeirra í Norðurishafsporski í samræmi við fiskveiðireglugerðir Rússneska sambandsríkisins.

3. gr.

Rússneska sambandsríkið tilkynnir íslenskum stjórnvöldum með tilhlýðilegum hætti um kvóta og veiðiheimildir Íslendinga sem reiknast í samræmi við 2. mgr. 1. gr.

Rússneska sambandsríkið tilkynnir íslenskum stjórnvöldum fyrir fram um ráðstafanir, skilmála og skilyrði, svo og um reglur og reglugerðir um útgáfu veiðileyfa.

4. gr.

Til viðbótar veiðiréttindum þeim sem lýst er í 1. og 2. gr. þessarar bókunar, og í samræmi við lög, reglur og reglugerðir aðilanna og 4. og 8. gr. samningsins, er með sérstöku samkomulagi milli einkaaðila í löndunum tveimur unnt að kveða á um viðbótarveiðiheimildir.

5. gr.

Viðkomandi bært stjórnvald á Íslandi skal senda viðkomandi bæru stjórnvaldi í Rússneska sambandsríkinu með góðum fyrirvara nöfn, skráningarnúmer og aðrar viðeigandi upplýsingar um fiskiskip sem sækja um leyfi til fiskveiða í sérefnahagslögsögu Rússneska sambandsríkisins.

Rússneska sambandsríkinu er heimilt að gera kröfu um að veiðar íslenskra fiskiskipa í sérefnahagslögsögu þess séu háðar leyfisveitingu. Fjöldi veiðileyfa skal taka mið af þeim kvótum sem úthlutað er samkvæmt þessari bókun og veiðigetu viðkomandi fiskiskipa.

6. gr.

Íslensk stjórnvöld skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að íslensk skip sem stunda fiskveiðar í sérefnahagslögsögu Rússneska sambandsríkisins fari að ákvæðum þessarar bókunar og landslögum, reglum og reglugerðum um fiskveiðar í sérefnahagslögsögu Rússneska sambandsríkisins er lúta að vernd hinna lifandi auðlinda.

Rússneska sambandsríkinu er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við þjóðarétt, landslög, reglur og reglugerðir til að tryggja að íslensk fiskiskip sem veiða í sérefnahagslögsögu þess fari að ákvæðum þessarar bókunar.

Article 2

In order to conduct a rational fishery, Iceland is allocated an annual by-catch quota of other species amounting to 30% of the Icelandic annual quota of North East Arctic cod in accordance with the fishing regulations of the Russian Federation.

Article 3

The Russian Federation will duly notify Iceland about the Icelandic quotas and fishing opportunities calculated in accordance with Article 1, paragraph 2.

The Russian Federation will notify Iceland in advance of measures, terms and conditions, and rules and regulations governing issuance of permits.

Article 4

In addition to fishing rights outlined in Articles 1 and 2 of this Protocol and in accordance with the laws, rules and regulations of the Parties and Articles 4 and 8 of the Agreement, special arrangements by private entities in the two countries may provide for additional fishing possibilities.

Article 5

The competent authority of Iceland shall communicate well in advance to the competent authority of the Russian Federation the names, registration numbers and other relevant particulars of the fishing vessels which apply for permission to fish within the Exclusive Economic Zone of the Russian Federation.

The Russian Federation may require that fishing within its Exclusive Economic Zone by fishing vessels of Iceland shall be subject to licence. The number of licences shall reflect the quotas allocated pursuant to this Protocol and the capacity of the fishing vessels concerned.

Article 6

Iceland will, while fishing in the Exclusive Economic Zone of the Russian Federation, take appropriate measures with a view to ensuring compliance by its fishing vessels with the provisions of this Protocol and in accordance with national laws, rules and regulations for fisheries in the Exclusive Economic Zone of the Russian Federation for conservation of the living resources.

The Russian Federation may, in conformity with international law and national laws, rules and regulations, take such measures as may be necessary to ensure compliance with the provisions of this Protocol by fishing vessels of Iceland fishing within its Exclusive Economic Zone.

7. gr.

Íslensk stjórnvöld veita samþykki fyrir því að embættismenn Rússneska sambandsríkisins, sem hafa til þess fullt umboð, fari um borð í Íslensk skip sem eru að veiðum innan sérefnahagslögsögu Rússneska sambandsríkisins og skoði þau í samræmi við lög, reglur og reglugerðir Rússneska sambandsríkisins og þjóðarétt. Verði embættismenn Rússneska sambandsríkisins þess áskynja að brot hafi verið framið samþykkir ríkisstjórn Íslands að hún muni ekki bera fram mótmæli gegn því að embættismennirnir grípi til viðeigandi aðgerða gegn Íslenskum þegnum og fiskiskipum í samræmi við lög, reglur og reglugerðir Rússneska sambandsríkisins og þjóðarétt, þar með talinnar kyrrsetningar, stöðvunar og varðhalds.

Íslensk stjórnvöld gera viðeigandi ráðstafanir til þess að eftirlitsmönnum Rússneska sambandsríkisins verði, að beiðni þess, hleypt um borð í skip sem eru að veiðum í sérefnahagslögsögu Rússneska sambandsríkisins í samræmi við þessa bókun, og skuldbindur sig til að endurgreiða kostnað í tengslum við dvöl eftirlitsmannanna í samræmi við lög, reglur og reglugerðir Rússneska sambandsríkisins og með gagnkvæmu samkomulagi.

Rússneska sambandsríkinu er heimilt að beita viðeigandi viðurlögum og öðrum aðgerðum í samræmi við lögjöf sína vegna brota á lögum, reglum og reglugerðum um fiskveiðar í sérefnahagslögsögu þess.

Ef svo ber til að stjórnvöld Rússneska sambandsríkisins kyrrsetja eða stöðva Íslenskt skip verður bæru stjórnvaldi á Íslandi þegar í stað tilkynnt um þá aðgerð og um aðrar ráðstafanir í framhaldi af henni.

Rússneska sambandsríkið mun þegar í stað láta laust Íslenskt skip og áhöfn þess gegn afhendingu sanngjarnrar ábyrgðartryggingar eða annarrar tryggingar.

8. gr.

Bókun þessi öðlast gildi þann dag sem samningurinn öðlast gildi.

Bókunin skal gilda jafnlengi og samningurinn. Bókunin fellur úr gildi þann dag sem samningurinn fellur úr gildi.

Aðila er heimilt að fara fram á endurskoðun bókarinnar með því að senda vörsluaðila formlega tilkynningu eftir diplómátskum leiðum eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok viðkomandi tímabils sem um getur í 2. mgr. 12. gr. samningsins.

Falli kvóti Íslendinga niður í tvö ár samfelt í samræmi við 3. mgr. 1. gr. þessarar bókunar er Íslensk-

Article 7

Iceland gives its consent for boarding by duly authorized officials of the Russian Federation of vessels fishing within the Exclusive Economic Zone of the Russian Federation and inspection by them of its vessels in accordance with laws, rules and regulations of the Russian Federation and international law. In case of detection of violations by officials, Iceland accepts that it will not object against appropriate measures taken against its nationals and its fishing vessels by officials of the Russian Federation in accordance with laws, rules and regulations of the Russian Federation and international law, including detention or arrest of a vessel and its crew.

Iceland will take appropriate measures to provide access of observers from the Russian Federation at its request on board vessels fishing within the Exclusive Economic Zone of the Russian Federation in accordance with this Protocol, and undertakes to reimburse expenses connected with the stay of observers in accordance with the laws, rules and regulations of the Russian Federation, and by mutual arrangement.

The Russian Federation has the right to apply appropriate sanctions and other measures in accordance with its legislation for violations of laws, rules and regulations concerning the conduct of fishing in its Exclusive Economic Zone.

In case of detention or arrest of a vessel of Iceland by the authorities of the Russian Federation, the action taken and subsequent measures will be notified to the competent authority of Iceland without delay.

The Russian Federation will immediately release a vessel of Iceland and its crew upon the deposit of a reasonable bond or other security.

Article 8

This Protocol shall enter into force on the date of entry into force of the Agreement.

The Protocol shall remain in force for the same period of time as the Agreement. The Protocol shall terminate on the date of termination of the Agreement.

A Party may request a review of this Protocol by formal notification to the Depository through diplomatic channels no later than six months before the expiration of the respective period referred to in Article 12, paragraph 2, of the Agreement.

In case the Icelandic quota has been suspended for two successive years in accordance with Article 1,

um stjórnvöldum heimilt að fara fram á endurskoðun bókunarinnar nema leyfilegur heildaraflí á þriðja samfellda árinu fari fram úr leyfilega heildaraflanum sem um getur í 3. mgr. 1. gr.

paragraph 3, of this Protocol, Iceland may request a review of this Protocol, unless the TAC for the third successive year exceeds the TAC level referred to in Article 1, paragraph 3.

Gjört í St. Pétursborg hinn 15. maí 1999 í tveimur frumeintökum á íslensku, rússnesku og ensku og eru allir textarnir jafngildir. Komi upp ágreiningur um túlkun bókunarinnar skal enski textinn ráða.

Done at St. Petersburg this 15th day of May 1999 in two originals in the Icelandic, Russian and English languages, all texts being equally authentic. In case of any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Halldór Ásgrímsson

For the Government of Iceland
Halldór Ásgrímsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
Nikolai A. Érmakov

For the Government of the Russian Federation
Nikolai A. Érmakov

3. Tillaga til þingsályktunar

[3. mál]

um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram mat samkvæmt lögum nr. 63/1993 á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt.

Greinargerð.

Heimildarlög og virkjunarleyfi.

Með lögum nr. 60/1981 var ríkisstjórninni heimilað að semja við Landsvirkjun, m.a. um að reisa og reka virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun). Með þingsályktun um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu 6. maí 1982 ályktaði Alþingi um virkjanaröð þannig að Blönduvirkjun skyldi verða næsta stórvirkjun landsins en á eftir henni yrði ráðist í byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Með breytingu á lögum um raforkuver, með lögum nr. 74/1990, var ályktun um röðun virkjana frá 1982 felld úr gildi og skyldi röð við virkjanir og aðrar stórfamkvæmdir í raforkumálum ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar. Þó var í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að ráðist yrði í Fljótsdalsvirkjun sem næstu virkjun, ef samningar næðust um byggingu álbræðslu á Keilisnesi á grundvelli yfirlýsingar frá 13. mars 1990.

Hinn 24. apríl 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, 210 MW að stærð ásamt aðalorkuveitum. Í bréfinu segir að með vísan til vatnalaga muni ráðuneytið birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu varðandi hina ráðgerðu virkjun „þar sem þeim er hagsmuna eiga að gæta, er gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við virkjunaráformin. Er leyfi þetta bundið því skilyrði, að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra vandamála, sem upp kunna að rísa vegna slíkra athugasemda, að höfðu samráði við ráðu-

neytið.“ Í umræddri auglýsingu var vísað til framlagðra gagna um virkjunina. Allmargar athugasemdir bárust í kjölfar auglýsingarinnar, bæði varðandi tilhögun og umhverfisáhrif virkjunarinnar.

Lög um mat á umhverfisáhrifum.

Árið 1993 voru sett lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Markmið laganna er skv. 1. gr. „að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana“. Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati og eru þar efst á blaði „vatnsorku-virkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 3 km² lands fara undir vatn vegna stíflumannvirkjanna og/eða breytinga á árfarvegi“. Þess má geta að lagning nýrra vega og þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan byggða eru matsskyldar. Í bráðabirgðaákvæði II við lögina segir: „Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum.“ Vegna þessa ákvæðis og virkjunarleyfis sem út var gefið 1991 virðist að óbreyttu ekki lagaskylda að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, nema til komi breytingar á virkjunartilhögun.

Verndargildi Eyjabakkasvæðisins.

Fegurð og verndargildi Eyjabakkasvæðisins sem færi undir miðlunarlón Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt fyrirliggjandi virkjunaráætlun eru almennt viðurkennd. Eyjabakkasvæðið hefur lengi verið á náttúruminjasrá og þegar Náttúruverndarráð ályktaði um virkjun Jökulsár í Fljótsdal 26. mars 1981 var það með miklum trega að ráðið vildi „fyrir sitt leyti ekki leggja gegn Fljótsdalsvirkjun, telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega. Sú afstaða mótast m.a. af því að samkomulag hefur tekist um varanlega verndun Þjórsárvera, sem frá sjónarmiði náttúruverndar og samkvæmt niðurstöðum rannsókna á báðum þessum svæðum eru talin enn mikilvægari hálandisvin.“ Í ítarlegri greinargerð Náttúruverndarráðs um málið segir m.a.:

„Eyjabakkar eru gróskumikið flæðiland í fögru umhverfi. Á hálendinu eru fá gróðurlendi á borð við þá. Fyrst og fremst eru það Þjórsárver við Hofsjökul, Hvítárnes og örfáir staðir á Möðrudalsöræfum. Allir þessir staðir eru hentugir fyrir miðlunarlón vegna virkjana, en jafnframt er náttúruverndargildi þeirra mikið. Náttúruverndarráð telur ekki annað koma til greina en þyrma einhverjum þessara svæða, og því þarf að líta á þau í samhengi þegar áformað er að taka eitthvert þeirra undir miðlunarlón.“ Umsögn Náttúruverndarráðs endurspeglar á heildina litið fremur veika stöðu þess og náttúruverndar í landinu á þessum tíma.

Mikil breyting hefur orðið á viðhorfum til verndunar hálandissvæða síðustu tvo áratugi og tengist það aukinni kynningu, ferðalögum almennings og gildi lítt snortinnar náttúru fyrir ferðabjónustu. Jafnframt hafa framhaldsrannsóknir á náttúrufari Eyjabakkasvæðisins gert mönnum ljósari en áður þýðingu þess, m.a. fyrir heiðagæsastofninn. Margir forkunnarfagrir fossar í Jökulsá í Fljótsdal hafa einnig vakið menn til umhugsunar um það sem tapast mundi með virkjun árinna. Að frumkvæði Náttúruverndarsamtaka Austurlands, NAUST, var á níunda áratugnum mótuð tillaga um friðlýsingu Snæfells og Vesturöræfa. Sú tillaga hefur hins vegar enn ekki náð fram að ganga þrátt fyrir atbeina Náttúruverndarráðs og nú Náttúruverndar ríkisins. Virðist einkum fyrirstaða hjá virkjunaraðilum við framgang þessarar sjálf-sögdðu verndaraðgerðar þótt hún snerti ekki með beinum hætti virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Þörf á víðtæku mati.

Þrátt fyrir margháttaða viðleitni Náttúruverndarráðs og áhugamanna um náttúruvernd til að fá fram heildstætt mat á verndargildi hálandisins og einstakra þátta í náttúrufari þess hefur takmarkaður árangur náðst til þessa. Fjárveitingar til slíkrar vinnu hafa verið litlar sem engar á sama tíma og miklu fé er varið til rannsókna á hagnýtingu vatnsaflsins og undirbúnings einstakra virkjana.

Hinn 24. apríl 1989 samþykkti Alþingi þingsályktun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar.“

Þessu verki hefur enn ekki verið lokið þrátt fyrir nokkra viðleitni til að þoka því áfram, aðallega í samstarfi iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs í svonefndri SINO-nefnd, sem sett var á fót þegar árið 1972. Þetta verkefni er enn sem fyrr brýnt.

Svæðisskipulag – ástæða til endurskoðunar.

Í tillögu að svæðisskipulagi miðhálandisins til 2015, sem unnin var á vegum samvinnunefndar héraðsnefnda sveitarfélaga á árunum 1994–97 og skilað í maí 1997, segir um Fljótsdalsvirkjun á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal: „Hugsanlega tengd Kárahnjúkavirkjun, stærð allt að 1.200 GWh/ári. Fyrirvari um lónastærðir á Eyjabakkasvæðinu. Gildi Eyjabakkasvæðisins vegna sérstæðs gróðurfars, dýralífs, landslags o.fl. er svo mikið að ástæða er til að endurskoða tilhögun virkjunar samkvæmt gildandi lögum. Svæðið hefur einnig mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna. Gert er ráð fyrir að skoðaðir verði til hlítar möguleikar á að virkja saman Jökulsá á Brú (Kárahnjúkavirkjun) og Jökulsá í Fljótsdal með þeim hætti að Kárahnjúkálón geti nýst sem miðlun fyrir bæði vatnasviðin. Heimiluð með lögum 1981 og leyfi ráðherra var veitt fyrir 1. 5. 1994. Virkjunin er því aðeins matsskyld ef um breytingar er að ræða frá upphaflegum áætlunum.“

Í umsögn samvinnunefndarinnar í ágúst 1998 um innsendar athugasemdir eftir auglýsingu 6. júní til 10. desember 1997 segir svo um Fljótsdalsvirkjun og Norðlingaölduveitu: „Heimild samvinnunefndarinnar til þess að setja fyrirvara um útfærslur einstakra stórframkvæmda á borð við virkjanir snýr að ýmsum grundvallaratriðum skipulagsvinnu. Andi skipulagslaganna er að hlutverk svæðisskipulags sé að samræma og samþætta mismunandi hagsmuni í landnotkun. Nefndin telur að eðlilegt sé að endurmeta 15 ára gömul áform með tilliti til breyttra forsendna, m.a. nýrrar tækni og breyttra viðhorfa til umhverfismála. Gert er ráð fyrir að bæði Fljótsdalsvirkjun og Norðlingaölduveita geti komið til framkvæmda á skipulagstímnum í einhverri mynd. Gerðir eru fyrirvarar um stærð miðlunarlóna á gróðurlendum í 600 m y.s. sem eru meðal stærstu fuglabbyggða hálandisins. Á landnotkunaruppdráttum 2 og 3 eru annars vegar sýnd náttúruverndarsvæði og hins vegar orkuvinnslusvæði. Á Eyjabakkasvæðinu koma báðir þessir landnotkunarflokkar við sögu sem er í samræmi við skipulagsuppdráttinn, þ.e. blönduð landnotkun.“

Krafa margra um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúruverndarsamtök Austurlands, NAUST, hafa ítrekað talað fyrir verndun Eyjabakkasvæðisins. Vorið 1997 var Félag um verndun hálandis Austurlands stofnað og hefur það meðal annars beitt sér fyrir því að áform um virkjun Jökulsár í Fljótsdal fari í formlegt umhverfismat samkvæmt lögum nr. 63/1993. Vaxandi undirtektir hafa verið við slíka málsmeð-

ferð heima fyrir á Austurlandi og annars staðar á landinu. Hafa fjölmargir orðið til að lýsa fylgi við þá málsmeðferð. Sú staðreynd að uppi eru áform um víðtæka nýtingu vatnsafls norðan Vatnajökuls, allt frá Hraunum í austri til Jökulsár á Fjöllum, ætti að hvetja til að litið sé heildstætt á þetta svæði og óeðlilegt að undanskilja Fljótsdalsvirkjun eina mati á umhverfisáhrifum. Sautján ár eru liðin frá því að heimildarlög voru sett um virkjunina og sjö ár frá því að stjórnvöld veittu virkjunarleyfi. Með því að samþykkja áskorun til ríkisstjórnarinnar um að mat fari fram á umhverfisáhrifum virkjunarinnar, eins og lögbundið er um hliðstæð mannvirki, legði Alþingi sitt af mörkum til að sem skýrust mynd lægi fyrir og almannaviðhorf kæmu fram um málið eins og eðlilegt verður að teljast áður en ákvarðanir eru teknar.

Þingsályktunartillaga þessi hefur verið flutt tvisvar áður, á 122. og 123. löggjafarþingi, og er nú endurflutt nær óbreytt. Þrátt fyrir að enn sé áætluð uppbygging álvers við Reyðarfjörð er ljóst að þau áform munu ekki koma til framkvæmda í bráð. Jafnframt er ljóst að norska fyrirtækið Norsk Hydro hefur fallið frá áformum sínum um að vera í forustu hugsanlegs rekstrar slíkrar verksmiðju. Ríkisstjórnin virðist ætla sér að fjármagna byggingu álversins með innlendu hlutafé að miklum meiri hluta. Það er því krafa flutningsmanna að fram fari lögformlegt mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar.

Með tillögunni var fylgiskjal: Hvað fer forgörðum við Fljótsdalsvirkjun? Helgi Hallgrímsson og Skarphéðinn G. Þórisson (Mbl. 9. júlí 1998).

4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Puríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði á vopnahléi í Júgóslavíu. Það verði notað til að hefja viðræður um fyrirkomulag öryggismála og friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu eða koma á annars konar alþjóðlegri öryggisgæslu sem samkomulag getur náðst um til að gera flóttafólki kleift að snúa til síns heima. Jafnframt samþykkir Alþingi að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem fari í samráði við stjórnvöld með eftirfarandi hlutverk:

- a. að leggja mat á eðli NATO í samhengi við nýja hermálastefnu bandalagsins,
- b. að gera úttekt á lögmæti hernaðaraðgerða NATO í Júgóslavíu,
- c. að gera úttekt á umhverfisáhrifum af hernaðinum,
- d. að marka stefnu varðandi þátttöku Íslands í uppbyggingarstarfi á Balkanskaga.

Greinargerð.

Á leiðtogafundi NATO sem haldinn var í Washington dagana 23.–25. apríl sl. var einróma samþykkt að bandalagið skyldi eftirleiðis grípa til hernaðaraðgerða utan eigin landsvæða án tillits til samþykktar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Davíð Oddsson forsætisráð-

herra og Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra sátu fundinn fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Með nýrri hermálastefnu hefur NATO afhjúpað eðli sitt sem árásarbandalag og tekið sér sjálfðæmi í öryggis- og varnarmálum sem snerta grannríki bandalagsins.

Hversu mótsagnakennt sem það kann að virðast gerir þessa nýja stefna ráð fyrir því — í orði — að slíkar aðgerðir gangi a.m.k. ekki gegn anda sáttmála Sameinuðu þjóðanna og séu í samræmi við alþjóðalög. Hermálastefnan brýtur í bága við Helsinki-sáttmálann frá 1975 en í 1. kafla hans, 2. gr., heita sammingsaðilar því að beita aldrei hver annan valdi né hótunum um slíkt til að leysa ágreiningsmál sín í milli. Sáttmálinn var undirritaður af Geir Hallgrímssyni, þáverandi forsætisráðherra, fyrir Íslands hönd og Josip Broz Tito fyrir hönd Júgóslavíu.

Stríðsrekstur NATO í Júgóslavíu er fyrsta birtingarmynd fyrrnefndrar hermálastefnu. Hann ber öll einkenni pólitískra aðgerða sem miðast við hagsmuni árásaradilans eingöngu, í þessu tilviki ekki síst að skapa sér orðspor sem eina fjölþjóðlega stofnunin sem hafi burði til að stöðva stríðsátök. Efast verður um að hernaður NATO gegn Júgóslavíu vegna ófriðarins í Kosvo leiði til framtíðarlausnar á sambúðarvanda þjóðarbrotanna sem í hlut eiga.

Fyllsta ástæða er til að óttast fordæmisgildi þessara hernaðaraðgerða þar sem bandalag 19 ríkja tekur sér vald til að beita hervaldi utan aðildarlandanna undir því yfirskini að ófriður í nágrenni þeirra geti ógnað stöðugleika innan bandalagsins. Verði það látið óátalið að þessi hópur ríkja brjóti alþjóðalög hlýtur það að bjóða heim hættunni á að aðrir aðilar, sem hafa til þess nægilegan hernaðarmátt, taki sér slíkt sjálfðæmi í öðrum heimshlutum.

Aðdragandi átakanna.

Allt frá því að stjórnvöld í Belgrad afnámu sjálfstjórn Kosovo-héraðs á árunum 1989–90 hefur ríkt mikil spenna í héraðinu. Löggjafarsamkoma héraðsins var þá leyst upp og það fært undir stjórn sambandsríkisins Júgóslavíu en Kosovo hafði verið sjálfstjórnarhérað í Serbíu samkvæmt stjórnarskrá frá 1974.

Samkvæmt manntali árið 1981 voru 77% íbúanna Albanar en aðeins 13% Serbar. Albanar tóku ekki þátt í manntali árið 1991 en talið er að þeir séu nú 85–90% íbúanna en Serbar 5–10%. Báðir aðilar hafa óttast mjög um sinn hag allar götur síðan 1980. Albanski meiri hlutinn hefur lýst miklum áhyggjum af bágunum efnahag héraðsins og m.a. þess vegna krafist aukinnar sjálfstjórnar til handa Kosovo. Serbneski minni hlutinn taldi hins vegar mannréttindi sín í alvarlegri hættu undir stjórn Kosovo-Albana.

Stríðsátökin í Slóveníu, Króatíu og Bosníu og Herzegovínu, sem liðuðu Júgóslavíu í sundur á árunum 1991–95, náðu ekki til Kosovo-héraðs þrátt fyrir að spennan þar magnaðist með tímanum. Um miðjan áratuginn voru þó stofnuð samtök, sem eru þekkt undir heitinu Frelsisher Kosovo (*Ushtria Çlirimitare Kosovës, UÇK*), til að berjast gegn yfirráðum Júgóslavíustjórnar í héraðinu. Sumarið 1996 greip Frelsisherinn til hernaðaraðgerða, einkum gegn serbneskum og júgóslavneskum lögreglusveitum sem upp frá því hafa ráðist harkalega á meintar bækistöðvar Frelsishersins og stuðningsmenn hans.

Í febrúarmánuði á síðasta ári hörðnuðu átökin til muna. Hersveitir Serba og Júgóslavíu réðust á byggðir Kosovo-Albana með stórskotaliðsárásum og hófu að reka þá á brott frá heimkynnum sínum. Samkvæmt tölum frá Sameinuðu þjóðunum er áætlað að í október 1998 hafi 298.000 manns verið á flóttu, ýmist innan eða utan Kosovo.

Eftir að slitnaði upp úr samningaviðræðum í Rambouillet í Frakklandi hóf NATO loftárásir á Júgóslavíu með það að yfirlýstu markmiði að knýja stjórnvöld í Belgrad til að draga hersveitir sínar út úr Kosovo. Loftárásir NATO hófust 24. mars sl.

Enginn árangur.

Þrátt fyrir linnulausar loftárásir NATO hafa Slobodan Milosevic og stuðningsmenn hans náð öllum sínum markmiðum: að hrekja mörg hundruð þúsund Albana út úr Kosovo, kæfa lýðræðisþróun í Júgóslavíu og sameina almenning að baki sér í andúð á Vesturlöndum.

Hinn 20. maí sl. höfðu meira en 740.000 Kosovo-Albanar, eða hátt í þriðjungur þeirra, flúið land og tugir þúsunda til viðbótar voru á flóttan innan Kosovo-héraðs. Nú er talið að í allt hafi um 900.000 manns flúið til nágrennaríkjanna. Enginn veit hversu mörg þúsund hafa fallið fyrir hendi serbneskra og júgóslavneskra hersveita. Ríkisstjórn Milosevic hefur með þjóðernishreinsunum sínum undirbúið jarðveginn fyrir mögulega samninga um skiptingu Kosovo. Því verður ekki á móti mælt að hreinsanirnar hafa magnast stórkostlega eftir að loftárásirnar hófust. Jafnframt hefur gremja almennings í Júgóslavíu vegna árásanna beinst í auknum mæli að Kosovo-Albönum sem NATO kvaðst ætla að vernda með loftárásunum.

Ástandið meðal flóttafólksins er vægast sagt hræðilegt. Það hefur þurft að horfa upp á ótrúleg grimmdarverk af hálfu óvinarins, það var rænt öllum eigum sínum og rekið frá heimilum sínum sem síðan voru í mörgum tilvikum jöfnuð við jörðu. Hið tilfinningalega tjón er vafalítið meira en hið efnahagslega. Nágrannalöndin hafa enga burði til að taka við flóttamannastraumnum. Alþjóðlegar hjálparveitir eiga í miklum vandræðum með að athafna sig á svæðinu vegna átakanna og lenda stöðugt á milli tveggja elda við landamærin. Jafnframt er gífurlegur fjöldi á vergangi innan Kosovo, þar af hafa sennilega um 100 þúsund flúið til fjalla og njóta því engrar aðstoðar svo vitað sé. Neyð flóttafólksins hlýtur að kalla á tafarlaust vopnahlé svo að hægt sé að koma því til hjálpar og byrja að skipuleggja flutning þess til fyrri heimkynna í samhengi við uppbyggingarstarf í Júgóslavíu.

Afleiðingar loftárásanna.

Mannfall meðal Júgóslava af völdum flughers NATO er nú áætlað um 3.000 manns, þar af 1.800 hermenn og 1.200 óbreyttir borgarar. Tölur um mannfali í júgóslavneska hernum eru þó nokkuð á reiki, talsmenn NATO telja að 5.000 sé nær lagi. Hvað eftir annað hafa mannvirki, sem engan veginn geta talist hernaðarlega mikilvæg, orðið fyrir loftárásunum. Má þar nefna sjúkrahús, farþegalestir, elliheimili, leikskóla, brýr fyrir almenna umferð og kínerska sendiráðið í Belgrad. Þá hafa flugvélar NATO einnig ráðist á bílalestir albanskra flóttamanna af misgáningi.

Eyðilegging menningarverðmæta og sögulegra minja í þessu stríði er gífurleg. Gamli borgarhlutinn í Pec, þar sem finna mátti tyrkneskar byggingar frá tímum Ottómana-ríkisins, eru rústir einar. Fleiri dæmi eru Hadum-moskan í nágrenni Djakovica, byggð á 16. öld, Vrsac-turninn við rúmensku landamærin, byggður á miðöldum eins og kirkjan í Gracanica skammt frá Pristina þar sem freskumyndir frá 14. og 15. öld hafa orðið eyðileggingunni að bráð. Í Belgrad varð Rakovica-klaustrið, sem byggt var á 16. öld, fyrir sprengjum. Sama má segja um St. Nikulásar-kirkjuna, sem var byggð á 12. öld, og kirkju St. Prókopíusar en hún er frá 9. öld. Þetta eru einstakar minjar frá árdögum kristinnar í Austur-Evrópu og því er skaðinn óbætanlegur í menningar- og sögulegu tilliti. Slíkar árásir minna hastarlega á framferði Serba í umsátrinu um borgirnar Vukovar og Dubrovnik í Króatíu fyrir nokkrum árum.

Stríðsreksturinn í Júgóslavíu hefur haft mikla mengun í för með sér og mun bersýnilega draga fjölda fólks til dauða löngu eftir að átökunum lýkur. Frá því snemma í mars, þegar bardagar fóru harðnandi og sýnt þótti að NATO skærast í leikinn, hafa bæði Júgóslavíuher og Frelsisherinn komið fyrir fjölmörgum jarðsprengjum. Afleiðingar af notkun þeirra eru vel þekktar úr öðrum styrjöldum á þessari öld.

Flugher NATO hefur beitt svokölluðum klasasprenjum (CBU-87/B) í árásum sínum á ýmis skotmörk í Júgóslavíu. Þær veða um 500 kg og innihalda nokkur hundruð smærri sprengjur sem dreifast í allar áttir þegar klasinn sjálfur springur. Hver smásprengja um sig splundrast í u.þ.b. 300 sprengjuflísar með hræðilegum afleiðingum fyrir þá sem verða fyrir sprengjuregninu eins og kom á daginn í árás NATO á markaðstorgið í Nis 7. maí. Til að bæta gráu ofan á svart er talsvert um að smærri sprengjurnar dreifist um stórt svæði án þess að springa. Þannig hafa ósprungnar sprengjur breytt heilu þorpunum í einskis manns land, þær geta sprungið við snertingu eða titring frá umferð rétt eins og jarðsprengjur. Þessi vopn eru þegar farin að taka sinn toll af æsku Kosovo-héraðs.

Jafnframt er ljóst að NATO hefur notað svokallaðar DU-fallbyssukúlur í árásum á skriðdreka og önnur farartæki í Júgóslavíu. DU er skammstöfun fyrir rýrt úran (*depleted uranium*) en það er eitthvert þyngsta og þéttasta frumefni sem til er. Af þeim sökum er það afar hentugt í fallbyssukúlur og kemst í gegnum meira en 5 sm þykka brynvörn. Að auki er hitamyndunin við það svo mikil að eldur verður samstundis laus í skotmarkinu. Við slíkan bruna fer mikið af geislavirku ryki út í andrúmsloftið. Mælingar á geislun frá einni DU-kúlu benda til þess að geislunin á hverri klukkustund samsvari $\frac{1}{5}$ af því sem mannlíkaminn er talinn þola á heilu ári.

Mikið hefur verið rætt og ritað um afleiðingarnar af notkun þessara kúlna í Flóabardaga 1991 þrátt fyrir að sú umræða hafi lítið náð hingað til lands. Líkur benda til að aukið nýgengi hvítblæðis og fleiri krabbameinssjúkdóma í Írak megi rekja til þess að u.þ.b. 40 tonn af DU-kúlum voru notuð í Flóabardaga. Þetta á einnig við um fyrirburafæðingar þar í landi. Hermenn sem börðust í liði Bandamanna í Írak hafa kvartað undan hárlösi, húðsjúkdómum og skemmdum á ýmsum líffærum. Jafnframt hafa þeir orðið fyrir stórkostlegum skemmdum á erfðafni sem koma fram í vansköpunum og meðfæddum sjúkdómum barna sem þeir hafa eignast eftir stríðið.

Eftirmálar átakanna.

Hvort sem stríðsátökin í Kosovo dragast enn frekar á langinn eða ekki er ljóst að vinna þarf geysilegt uppbyggingarstarf í Júgóslavíu allri ef friður á að haldast í framtíðinni. Í því sambandi hefur verið talað um að kostnaðurinn við það starf geti orðið 31 milljarður Bandaríkjadala eða hátt í 2.300 milljarðar íslenskra króna. Brýnasta verkefnið er að gera þeim Kosovo-Albönum sem vilja kleift að snúa heim og tryggja öryggi þeirra með alþjóðlegum friðargæslusveitum. Viðs vegar um Serbíu og Svartfjallaland verður að endurbyggja orkuveitur og ýmis samgöngumannvirki. Mörg hundruð verksmiðjur og fjölmörg íbúðarhús hafa verið eyðilögð. Jafnframt er nauðsynlegt að hreinsa upp jarðsprengjur og klasasprenjur auk skaðlegra efna sem hafa farið út í umhverfið í árásum á olíuhreinsistöðvar og efnaverksmiðjur. Sýnt þykir að mengunin muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir matvælaframleiðslu í landinu á sama tíma og Júgóslavar munu neyðast til að snúa sér að landbúnaði í auknum mæli vegna þess að iðnaður þeirra hefur að stórum hluta verið lagður í rúst.

Efnahagsleg uppbygging er lykilatriði í því að koma á friði og stöðugleika í landinu. Ef íbúar Júgóslavíu verða fátæktinni að bráð er útilokað að tryggja friðsamlega sambúð þjóðanna á þessu svæði. Slík uppbygging verður að eiga sér stað með aðstoð hinna betur megandi ríkja en ekki á þeirra forsendum heldur í fullri sátt við almenning í Júgóslavíu. Jafnframt er afar mikilvægt að þjóðarbrotunum verði ekki mismunað í þeim efnum þar sem slíkt mundi vafalaust leiða til enn meiri spennu á svæðinu. G-17 stofnunin, sjálfstæð hagfræðistofnun sem hefur sérhæft sig í málefnum Balkanskaga, taldi áður en loftárásirnar hófust að það mundi taka Júgóslava 29 ár að ná svipuðu stigi hagsældar og þeir bjuggu við 1989. Nú er tal-

að um að það muni taka 45 ár nema til komi alþjóðleg aðstoð. Stjórnvöld í Belgrad hafa metið ástand hagkerfisins svo að það líkist helst því sem var í lok síðari heimsstyrjaldar.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um skipan nefndar um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að komið verði á fót nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem taki til skoðunar hlutverk og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Þar til nefndin hefur skilað álitserð verði öllum frekari áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og einkaframkvæmd slegið á frest.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur nokkrum opinberum stofnunum verið breytt í hlutafélög með það fyrir augum að markaðsvæða starfsemi þeirra og í sumum tilvikum hafa þau verið seld. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er boðað framhald á þessari stefnu auk þess sem gert er ráð fyrir svokallaðri einkaframkvæmd á ýmsum sviðum almannaþjónustunnar, svo sem í skólum og á sviði öldrunar- og heilbrigðisþjónustu.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið að breytingum af þessu tagi á vegum einkavæðingarnefndar en þar hafa fulltrúar beggja stjórnarflokkanna komið að málum en ekki fulltrúar stjórnarandstöðuflokka.

Mjög brýnt er að um allar grundvallarbreytingar sem gerðar eru á samfélagsþjónustunni fari fram vönduð og lýðræðisleg umræða til að tryggja tvennt: Í fyrsta lagi séu breytingar gaumgæfðar frá öllum sjónarhornum áður en í þær er ráðist. Vönduð vinnubrögð eru forsenda þess að vel takist til um þær breytingar sem gerðar eru. Í öðru lagi er eðlilegt að freista þess að breytingar séu þannig úr garði gerðar að um þær sé tryggð víðtæk þjóðfélagssátt.

Einkavæðing opinberra stofnana og sala fyrirtækja í ríkiseign hefur verið uppi á teningnum víða um lönd á undanförunum árum og hefur þegar fengist allvíðtæk reynsla af þessari stefnu. Mikilvægt er að fram fari ítarleg gagnasöfnun og í framhaldinu skipulögð athugun á því hvernig til hefur tekist hjá öðrum þjóðum. Þegar liggja fyrir gögn um þessi efni og má í því sambandi vísa til könnunar sem breska verkálýðshreyfingin hefur gert á því hvernig einkaframkvæmd almannaþjónustunnar í Bretlandi hefur reynst. Þar í landi hefur þessi stefna verið höfð að leiðarljósi bæði af hálfu Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins enda þótt hún sé mjög umdeild. Fram hafa komið rökstuddar staðhæfingar um að einkaframkvæmdin sé, þegar upp er staðið, dýr kostur fyrir skattborgarana og ávísun á félagslegt misrétti þegar til lengri tíma er litið.

Afar brýnt er að breytingar, sem gerðar eru á grundvallarþáttum samfélagsins, séu vel ígrundaðar, byggist á traustum rökum og haldgóðum upplýsingum en ekki framkvæmdar af handahófi. Þá er nauðsynlegt að breytingar séu gerðar með framtíðarsýn á hlutverk hins opinbera í huga þar sem skýrt komi fram hvaða verkefni eigi að vera á vegum ríkis og hvar skuli koma til kasta fyrirtækja á markaði.

6. Fyrirspurn

[6. mál]

til félagsmálaráðherra um niðurstöður launakönnunar kjararannsóknarnefndar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver eru viðbrögð ráðherra við niðurstöðum launakönnunar kjararannsóknarnefndar á fjórða ársfjórðungi 1998 sem sýna mikinn launamun milli kynja og landsvæða?
2. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu nýrrar ríkisstjórnar til að sporna gegn kynbundnu launamisrétti og launamun milli landsvæða?

7. Fyrirspurn

[7. mál]

til forsætisráðherra um skuldbindingar á hendur ríkissjóði.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvaða samninga sem skuldbinda ríkissjóð og voru gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis skrifuðu ráðherrar í síðustu ríkisstjórn undir á tímabilinu frá 1. janúar 1999 til kosninga, 8. maí síðastliðinn?

Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og því hvaða verkefni eða framkvæmdir er um að ræða, hver er samstarfsaðili, hvert framkvæmdatímabilið er og hver er áætlaður kostnaður ríkisins.

Skriflegt svar óskast.

8. Fyrirspurn

[8. mál]

til fjármálaráðherra um auglýsingar og auglýsingagerð.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hver hefur annast auglýsingar og auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sl. 7 ár?
2. Hefur auglýsingagerðin verið boðin út?
3. Hver er kostnaðurinn af þessum auglýsingum, aðgreint eftir árum, hjá hvorum aðila fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson,
Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. er ráðherra óheimilt að hækka bensíngjald á árinu 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er þáttur í aðgerðum sem þingflokkur Samfylkingarinnar beitir sér nú fyrir til að sporna við verðbólgu.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., er ráðherra veitt heimild til að hækka bensíngjald í hlutfalli við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. Grunngjaldið er ákveðið í 15. gr. laganna en hækkanir eru útfærðar með reglugerð. Bensíngjald var hækkað 19. júní 1998 með reglugerð nr. 339/1998. Hinn 1. júní sl. hækkaði ráðherra enn bensíngjald með reglugerð nr. 356/1999 og tekur hækkunin einnig til óseldra birgða af eldsneyti í landinu. Verði frumvarp þetta að lögum fellur lagastoð síðastnefndrar reglugerðar brott og verður því óheimilt að beita henni frá og með gildistökudegi laganna. Þar með verður að lækka bensíngjald til fyrra horfs eins og það var ákveðið með reglugerð nr. 339/1998.

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1999 (þskj. 1 á 123. löggjafarþingi, bls. 239) er gert ráð fyrir hækkun bensíngjalds miðað við verðlag auk 2% viðbótarhækkunar til að standa undir auknum framkvæmdum í vegagerð fyrir 400 millj. kr. Í gildandi vegáætlun er einnig gert ráð fyrir þessari hækkun en einnig áætluð endurgreiðsla lánsfjár að fjárhæð 420 millj. kr. Með því að fresta endurgreiðslum má komast hjá því að draga úr framkvæmdum þrátt fyrir að hækkun bensíngjalds verði slegið á frest.

Í fylgiskjali er samþykkt þingflokks Samfylkingarinnar þar sem fram kemur frekari rökstuðningur fyrir þeirri breytingu sem hér er lögð til ásamt fleiri aðgerðum sem Samfylkingin vill ná samstöðu um til að sporna við verðbólgu og auknum skuldum heimilanna.

Fylgiskjal I.

Ályktun þingflokks Samfylkingarinnar um viðnámsaðgerðir gegn verðbólgu.

(9. júní 1999.)

Í ljósi aðvarana innlendra og erlendra stofnana á sviði efnahagsmála um nauðsyn þess að slá á þenslu í efnahagslífinu telur þingflokkur Samfylkingarinnar óhjákvæmilegt að stjórnvöld og Alþingi sameinist um aðgerðir til að draga til baka eða fresta boðuðum hækkunum

á bensíngjaldi og gjaldskrá Landsvirkjunar og öðrum liðum. Þingflokkurinn vekur athygli á að þær hækkunir sem nú dynja yfir rýra ekki aðeins ráðstöfunarfé almennings heldur veldur vísitölutenging lána því að skuldir heimilanna aukast í takt við aukna verðbólgu.

Til að fylgja þessu eftir hefur þingflokkurinn ákveðið að leggja fram frumvarp til laga um að hætt verði við hækkun bensíngjalds. Jafnframt beinir hann þeim eindregnu tilmælum til iðnaðarráðherra að hann beiti sér þegar í stað fyrir því að gjaldskrárhækkunum Landsvirkjunar verði frestað. Þingflokkurinn hefur enn fremur ákveðið að fela fulltrúum sínum í iðnaðarnefnd að fylgja málinu eftir.

Þingflokkurinn ítrekar mótmæli sín við fráleitri hækkun tryggingafélaganna á iðgjöldum bifreiðatrygginga. Það er skoðun hans að í krafti þeirra miklu og vaxandi bótasjóða sem félagin hafa í vörslu sinni geti þau mætt þeim breytingum sem gerðar voru á skaðabótalögum á síðasta þingi án óhóflegra hækkana á iðgjöldum. Þingflokkur Samfylkingarinnar krefst þess einnig að fjármálaeftirlitið hraði athugun sinni á forsendum iðgjaldahækkunar tryggingafélaganna þannig að Alþingi gefist ráðrúm til að fjalla ítarlega um þær á yfirstandandi þingi. Þingflokkurinn beinir jafnframt þeim eindregnu tilmælum til viðskiptaráðherra að á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi setji hann þegar í stað reglugerð sem heimilar Fjármálaeftirlitinu að grípa til aðgerða ef tryggingafélögin fara ekki að kröfum eða athugasemdum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur, geri eftirlitið athugasemdir við ósanngjörn iðgjöld sem ekki eru í samræmi við áhættu sem í váttryggingunum felst. Þótt ár sé liðið frá því ráðherrann fékk slíka heimild hefur hann enn ekki sett reglugerðina og á meðan er óljóst hvort hið opinbera hefur tök á því að knýja tryggingafélögin til að fylgja tilmælum Fjármálaeftirlitsins, komi í ljós að um slíkar hækkunir sé að ræða.

Vinnubrögð tryggingafélaganna í aðdraganda hækkunarinnar gefa enn fremur fullt tilefni til að kannað verði af hálfu Samkeppnisstofnunar hvort félögin hafi beitt ólögmætu samráði um hækkunina. Þingflokkurinn hefur því falið fulltrúum sínum í efnahags- og viðskiptanefnd að fylgja eftir ósk um slíka könnun jafnframt því sem fulltrúum Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd verður falið að óska eftir því að fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og tryggingafélaganna verði kallaðir fyrir nefndina til að gera grein fyrir afstöðu sinni til hækkunar á iðgjöldum bifreiðatrygginga.

10. Fyrirspurn

[10. mál]

til forsætisráðherra um endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hvaða rök liggja til þess að ríkisstjórnin áformar að skipa nefnd utan þings til endurskoðunar fiskveiðistjórnarlags í stað þess að fela verkefnið sjávarútvegsnefnd Alþingis?

11. Fyrirspurn

[11. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðis-sviði.

Frá Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

1. Hefur sérstök starfrækslunefnd miðlægs gagnagrunns verið skipuð? Ef svo er, hefur hún hafið störf?
2. Hvenær má búast við að starfsreglur miðlægs gagnagrunns verði tilbúnar og starfsemi hefjist?
3. Verður gengið frá samningum við Íslenska erfðagreiningu um gagnagrunn á heilbrigðis-sviði áður en Eftirlitsstofnun EFTA hefur úrskurðað um kæru Mannverndar þar sem farið er fram á að gagnagrunnmálið verði allt tekið til endurskoðunar?
4. Er ríkisstjórnin tilbúin að beita sér fyrir því að við rekstur miðlægs gagnagrunns á heilbrigðis-sviði verði farið að lögum nr. 74 frá 28. maí 1997, um réttindi sjúklinga, þar sem kveðið er á um að vísindarannsóknir með þátttöku almennings verði alltaf háðar samþykki vísindasiðanefnda?
5. Er ráðherra tilbúinn að láta bera úrsagnareyðublað úr gagnagrunni inn á hvert heimili eins og gert var með upplýsingabækling landlæknisembættisins um gagnagrunninn?
6. Hve lengi getur fólk sagt sig frá þátttöku í gagnagrunninum?
7. Ef dulkóðað er í eina átt, er þá hægt að segja sig frá þátttöku í gagnagrunninum eftir að rekstur hans er hafinn, þ.e. má út heilsufarsupplýsingar sem þegar hafa verið skráðar inn í grunninn?
8. Hyggst ráðherra standa fyrir frekari kynningu á málinu meðal almennings?

12. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlagu um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til fundar við sig Kristján Andra Stefánsson og Helga Bernódusson sem unnu með nefnd þeirri sem undirbjó málið. Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem samþykkt var á seinasta þingi en er nú flutt að nýju, sbr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði 8. september 1997 til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin var skipuð samkvæmt tilnefningum allra þingflokka er þá voru á Alþingi. Nefndin skilaði forsætisráðherra skýrslu 6. október 1998 sem hann lagði fyrir Alþingi (þskj. 141 á 123. löggjafarþingi).

Fyrirmæli stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag voru almenns eðlis fram til 1934 er tekin voru upp í hana ítarlegri ákvæði. Af þeim sökum hefur þurft að breyta stjórnarskránni í hvert sinn sem tilefni hefur þótt til að breyta kosningareglum að einhverju marki. Í frumvarpinu er lagt til að í stað rækilegra ákvæða um kjördæmamörk og út-

hlutun þingsæta geymi stjórnarskráin aðeins fá og almenn ákvæði um megindrætti í kjördæmaskipan landsins og tilhögun kosninga til Alþingis. Nánari útfærsla verður svo ákveðin með almennum lögum, stundum með tilstyrk aukins meiri hluta á Alþingi. Frumvarpið leggur því grunninn að breytingum sem þarf að gera á lögum um kosningar til Alþingis.

Í stjórnarskipunarlagafrumvarpinu felst að fjöldi þingsæta verður stjórnarskrárbundinn, svo og kjörtími, fjöldi kjördæma og tilhögun kosninga í megindrátum, þ.e. að þær skuli vera leynilegar og hlutbundnar. Almenna löggjafanum er hins vegar falið að ákveða fjölda þingsæta í hverju kjördæmi, þó þannig að minnst sex kjördæmissæti séu í hverju þeirra. Þá verða sett í kosningalög nánari fyrirmæli um kjördæmaskipan og fyrirkomulag kosninga, þar á meðal verða reglur um kjördæmamörk og reglur um úthlutun þingsæta. Breyting á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta verður þó aðeins gerð með tilstyrk $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi eftir að hún hefur verið ákveðin fyrsta sinni, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Þá felst í stjórnarskipunarlagafrumvarpinu það nýmæli að stjórn málasamtök þurfa að fá minnst fimm af hundraði atkvæða á landsvísu til að eiga rétt á jöfnunarsætum. Að lokum er gert ráð fyrir að misvægi atkvæða á milli einstakra kjördæma verði aldrei meira en 1:2.

Í fylgiskjali með frumvarpinu sem lagt var fram á síðasta þingi fylgdu drög að breytingum á kosningalögum. Meiri hlutinn telur mikilvægt að lögum um kosningar til Alþingis verði breytt þegar á næsta þingi til samræmis við framangreindar breytingar á stjórnarskrá.

Jóhann Ársælsson ritar undir nefndarálit með fyrirvara.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 11. júní 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir,
form., frsm.

Vilhjálmur Egilsson.

Valgerður Sverrisdóttir.

Guðmundur Hallvarðsson.

Drífa Hjartardóttir.

Jón Kristjánsson.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Jóhann Ársælsson,
með fyrirvara.

13. Nefndarálit

[2. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sverri Hauk Gunnlaugsson ráðu neytisstjóra, Eið Guðnason skrifstofustjóra og Tómas H. Heiðar þjóðréttarfræðing frá utanríkisráðuneytinu, Jóhann Sigurjónsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar, og Arnór Halldórsson frá sjávarútvegsráðuneytinu.

Þar sem tími til nefndarstarfa á þessu sumarpingi er takmarkaður hélt nefndin sameiginlegan fund með sjávarútvegsnefnd um málið í stað þess að senda henni það til umsagnar eins og venja er um sambærileg mál. Fengu nefndirnar á sinn fund Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Sævar Gunnarsson og Hólmgæir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Arnór Halldórsson frá sjávarútvegsráðuneytinu.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að náðst hafi samningar við Norðmenn og Rússa um þorskveiðar í Barentshafi. Auk þess að fjalla um efnisatriði rammasamningsins við Norðmenn og Rússa og bókananna við hann fjallaði nefndin sérstaklega um framkvæmd samningsins af Íslands hálfu. Þar sem samningurinn er ekki kominn til framkvæmda telur meiri hlutinn eðlilegt að Alþingi fylgist vel með framkvæmdinni hér á landi en það er í verkahring sjávarútvegsnefndar.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 14. júní 1999.

Jón Kristjánsson,
varaform., frsm.

Einar K. Guðfinnsson.

Jóhann Ársælsson.

Vilhjálmur Egilsson.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Kristján Pálsson.

14. Nefndarálit

[2. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Minni hlutinn telur jákvætt að deilur um hlutdeild Íslendinga í þorskveiðum í Barentshafi séu til lykta leiddar og að Íslendingar öðlist nokkurn veiðirétt á grundvelli þessa samnings og bókana honum tengdum. Líklegt er að samkomulag í Smugudeilunni svokölluðu greiði götu samstarfs og samskipta fyrrum deiluaðila, einkum Íslands og Rússlands, og er það vel.

Á hitt verður að líta að það sem í hlut Íslands kemur er rýrara en bundnar voru vonir við. Í reynd eru hreinar veiðiheimildir sem koma í Íslands hlut án endurgjalds aðeins lítið brot af veiðinni eins og hún var þegar best lét upp á 32–34 þúsund tonn og eins þótt tekið sé meðaltal þeirra ára sem veiðin hefur staðið frá 1993 upp á 17 þúsund tonn.

Þetta stafar af því að fyrir veiðiheimildir í norsku lögsögunni kemur umtalsvert endurgjald. Norðmenn fá 17 þúsund lestir af loðnu og 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu auk meðafla upp á 25% við þær veiðar, þar með talið og ekki síst í þorski.

Þar fylgir einnig sá böggull skammrifi að norsk línuveiðiskip koma til veiða inn í íslensku landhelgina á nýjan leik.

Í tilviki bóknar milli Íslands og Rússlands er ekki til að dreifa veiðum Rússa hér við land og er það vel, en hins vegar er gert ráð fyrir að íslenskar útgerðir verði að kaupa talsverðan hluta veiðiheimildanna sem að nafninu til var samið um við Rússland. Allt er þó mjög óljóst um tilhögun þeirra viðskipta.

Loks er ljóst að ýmislegt er ófrágentið hvað varðar útfærslu og framkvæmd samningsins hér heima fyrir og annað orkar mjög tvímælis sem gert hefur verið. Þar á meðal er útgáfa reglugerðar sjávarútvegsráðuneytisins strax 10. maí sl. eða fimm dögum áður en samningurinn var undirritaður. Innihald þeirrar reglugerðar hefur og vakið margar spurningar, sérstaklega sú ákvörðun þáverandi sjávarútvegsráðherra að beita hvorki heimildarákvæðum úthafsveiðilaga um endurgjald fyrir varanlegar veiðiheimildir í úthafinu, eða í lögsögu annarra ríkja, né svonefndri frumherjareglu.

Rétt er að benda á að hugleiða þarf þá hlið á þessum samningi og skiptum á veiðiheimildum honum samkvæmt að þjóðirnar eru að hluta til að fá fiskveiðiréttindi hver í annars lögsögu sem kallar á langa siglingu og mikla orkunotkun. Slíkt fyrirkomulag er auðvitað ekki æskilegt út frá umhverfissjónarmiðum og heppilegra að hver sjái um nýtingu sinnar lögsögu að sem mestu leyti.

Minni hlutinn telur vafasamt að samningur þessi sé nægjanlega hagstæður Íslendingum og telur réttast að stjórnarflokkarnir sem bera pólitíska ábyrgð á gerð hans beri einnig ábyrgð á afgreiðslu hans á þingi. Minni hlutinn mun því **sitja hjá** við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. júní 1999.

Steingrímur J. Sigfússon.

15. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 124. löggjafarþingi 1999.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 16. júní 1999 til septemberloka.

16. Svar

[7. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um skuldbindingar á hendur ríkissjóði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða samninga sem skuldbinda ríkissjóð og voru gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis skrifuðu ráðherrar í síðustu ríkisstjórn undir á tímabilinu frá 1. janúar 1999 til kosninga, 8. maí síðastliðinn?

Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og því hvaða verkefni eða framkvæmdir er um að ræða, hver er samstarfsaðili, hvert framkvæmdatímabilið er og hver er áætlaður kostnaður ríkisins.

Litið er svo á að leitað sé eftir upplýsingum um samninga sem gerðir hafa verið á nefndu tímabili og skuldbinda ríkissjóð umfram það sem fjárlög fyrir yfirstandandi ár gera ráð fyrir og krefjast þannig eftirfarandi samþykkis Alþingis. Á þessum grundvelli hafa ráðuneytin látið í té svofelldar upplýsingar:

1. Forsætisráðuneytið.*1.1. Landafundanefnd.**1.1.1. Bronsafsteypa.*

Viðsemjandi: Ásmundarsafn.

Verkefni: Bronsafsteypa: Fyrsta hvíta móðirin í Ameríku.

Tímabil: Samningur gerður 11. febrúar 1999.

Kostnaður: 1,2 millj. kr. árið 2000.

1.1.2. Brattahlíð.

Viðsemjandi: Vestnorræna ráðið.

Verkefni: Hús í Brattahlíð.

Tímabil: Samningur gerður 29. apríl 1999.

Kostnaður: 2 millj. kr. árið 2000.

1.1.3. Landnám Íslendinga í Vesturheimi.

Viðsemjandi: Kvikmyndasjóður.

Verkefni: Kvikmyndaverkefni.

Tímabil: Samningur gerður 27. janúar 1999.

Kostnaður: 9.294 þús. kr. árið 2000.

1.1.4. Vínlandsgátan og Nýja Ísland.

Viðsemjandi: Mál og menning.

Verkefni: Þýðing og útgáfa Vínlandsgátunnar og Nýja Íslands.

Tímabil: Samningur gerður 26. mars 1999.

Kostnaður: 500 þús. kr. árið 2000.

1.1.5. Landafundasýning.

Viðsemjandi: Safnahúsið.

Verkefni: Landafundasýning.

Tímabil: Samingur gerður 9. mars 1999.

Kostnaður: 10 millj. kr. árið 2000.

1.2. Safnahúsið við Hverfisgötu.

Viðsemjandi: Björn Björnsson sýningahönnuður.

Verkefni: Sýningahönnun fyrir fastar sýningar í húsinu.

Tímabil: Gildistími samningsins er til 20. apríl 2000.

Kostnaður: 1.777.500 kr. á samningstímanum.

2. Félagsmálaráðuneytið.

2.1. Málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra.

Viðsemjandi: Byggðasamlag um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra.

Verkefni: Þjónusta við fatlaða.

Tímabil: Samningur tekur gildi 1. apríl 1999 og gildir til 31. desember 2001.

Kostnaður: 141 millj. kr. árið 2000 og 151 millj. kr. árið 2001 auk framlaga vegna stofn-
kostnaðar úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

3.1. Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.

Viðsemjandi: Náttúrulækningafélag Íslands.

Verkefni: Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.

Tímabil: Samningurinn gildir til fimm ára frá 1. janúar 2000.

Kostnaður: 248,3 millj. kr. framlag á ári.

3.2. Heilbrigðisþjónusta í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu.

Viðsemjandi: Heimilislæknastöðin Lágmúla.

Verkefni: Heilbrigðisþjónusta í fangelsum á höfuðborgarsvæðinu.

Tímabil: Samningurinn gildir til sex ára frá 1. janúar 1999.

Kostnaður: 6,9 millj. kr. á ári.

3.3. Heilbrigðisþjónusta í fangelsinu að Litla-Hrauni.

Viðsemjandi: Heilbrigðisstofnunin Selfossi.

Verkefni: Heilbrigðisþjónusta í fangelsinu að Litla-Hrauni.

Tímabil: Samningurinn gildir ótímabundið frá 1. janúar 1999. Uppsagnarfræstur er 12 mán-
uðir.

Kostnaður: 12 millj. kr. á ári með endurskoðunarákvæði.

3.4. Hjúkrunarheimilið Hvammstanga.

Viðsemjandi: Heilbrigðissamlag Vestur-Húnavatnssýslu.

Verkefni: Verklök við Hjúkrunar- og dvalarheimilið á Hvammstanga.

Tímabil: Verklök á næsta ári.

Kostnaður: 8.195 þús. kr. á næsta ári.

3.5. Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Viðsemjandi: Akureyrarbær og Fjórðungssjúkrahús Akureyrar.

Verkefni: Viðaukasamningur um verklök við barnadeild FSA.

Tímabil: Verkinu á að ljúka á yfirstandandi ári.

Kostnaður: Samningsfjárhæðin er 163 millj. kr., þar af eru 36,6 millj. kr. bundnar fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárlögum fyrir árið 2000.

3.6. Heilsugæslustöð í Fossvogi.

Viðsemjandi: Markús ehf.

Verkefni: Viðbótarsamningur til að flýta verklokum.

Tímabil: Verkinu á að ljúka í júlí 1999.

Kostnaður: 2,9 millj. kr. á næsta ári, þar af er hluti ríkissjóðs 85%.

4. Landbúnaðarráðuneytið.

4.1. Verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998.

Viðsemjandi: Bændasamtök Íslands (Framleiðnisjóður landbúnaðarins).

Verkefni: Verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar og leiðbeiningarstarfsemi. Atvinnuuppbygging í sveitum og verkefni sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði.

Tímabil: 5. mars 1999 til 31. desember 2003.

Kostnaður: 424,2 millj. kr. árið 2000, 439,2 millj. kr. árið 2001, 439,2 millj. kr. árið 2002 og 474,2 millj. kr. árið 2003.

5. Menntamálaráðuneytið.

5.1. Samkomulag um byggingarframkvæmdir við Háskólann á Akureyri.

Viðsemjandi: Samkomulagið er milli menntamálaráðherra og fjármálaráðherra en rektor Háskólans á Akureyri skrifar einnig undir það.

Verkefni: Byggingaráfangi II.

Tímabil: 2000–2003.

Kostnaður: Heildarkostnaður er 354 millj. kr., þar af 130 millj. kr. árið 2000, 97 millj. kr. árið 2001, 73 millj. kr. árið 2002 og 54 millj. kr. árið 2003.

5.2. Samningur um rekstur myndlistarmenntunar á háskólastigi.

Viðsemjandi: Listaháskóli Íslands.

Verkefni: Yfirtaka Listaháskóla Íslands á starfsemi Myndlista- og handíðaskólans.

Tímabil: Gildistími samningsins er frá 1. ágúst 1999 til 1. ágúst 2001.

Kostnaður: Samningurinn felur ekki í sér skuldbindingar umfram fjárlög á árinu 1999. Miðað við óbreyttar aðstæður má gera ráð fyrir að nýjar skuldbindingar vegna samningsins á fyrri hluta ársins 2000 verði um 8 millj. kr. Þá er eftir að ákveða framlög fyrir seinna starfsárið en gert er ráð fyrir að það verði gert á grundvelli reiknilíkans fyrir háskólastig, sem lög um háskóla gera ráð fyrir að framlög til háskóla taki mið af.

6. Samgönguráðuneytið.

6.1. Samningur um markaðsráð ferðaþjónustunnar.

Viðsemjandi: Fjármálaráðherra, Samtök ferðaþjónustunnar og Reykjavíkurborg.

Verkefni: Stofnun markaðsráðs ferðaþjónustunnar.

Tímabil: Gildistími er frá undirritun 17. mars 1999 til 31. desember 2002.

Kostnaður: 30 millj. kr. árið 1999, 50 millj. kr. árið 2000, 50 millj. kr. árið 2001 og 50 millj. kr. árið 2002.

7. Viðskiptaráðuneytið.

7.1. *Kynning á alþjóðlegum viðskiptafélögum.*

Viðsemjandi: Verslunarráð Íslands og Fjárfestingarstofan.

Verkefni: Kynning á alþjóðlegum viðskiptafélögum.

Tímabil: 1999 og 2000.

Kostnaður: 15 millj. kr. framlag til kynningar á yfirstandandi ári og 6 millj. kr. launakostnaður vegna starfsleyfisnefndar á árunum 1999 og 2000.

Önnur ráðuneyti hafa upplýst að engir samningar hafi verið gerðir á umræddu tímabili sem skuldbindi ríkissjóð umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir.

17. Frumvarp til laga [13. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Karl V. Matthíasson, Einar Oddur Kristjánsson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohjóðandi:

Á svæði sem afmarkast af línu sem dregin er milli Kóps, grunnlínupunktur nr. 34 (65°48,4'N og 24°06,0'V), og Barða, grunnlínupunktur nr. 35 (66°03,7'N og 23°47,4'V), er þeim skipum sem eru minni en 120 brúttótonn og gerð eru út til dagróðra frá Bíldudal og Þingeyri heimilar frjálssar fiskveiðar innan línunnar með línu og handfærum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að enn á ný er að koma upp ástand sem leiða mun til viðvarandi mikils atvinnuleysis í byggðum við Dýrafjörð og Arnarfjörð er lagt til að við lög um stjórn fiskveiða bætist bráðabirgðaákvæði sem heimili íbúum áðurgreindra byggðarlaga að bjarga sér sjálfir með því að gefa þeim kost á frjálsum krókaveiðum á takmörkuðu svæði innan línu sem dregin er milli Kóps og Barða.

18. Þingsályktun [2. mál]

um staðfestingu sammings milli Íslands, Noregs og Rússlands um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní.)

Samhljóða þskj. 2.

19. Stjórnarskipunarlög [1. mál]

um breytingu á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní.)

Samhljóða þskj. 1.

20. Þingsályktun [12. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. júní.)

Samhljóða þskj. 15.